



Félag löggiltra endurskoðenda

Alþingi
Erindi nr. P 130/858
komudagur 26.1.2004

Suðurlandsbraut 6 • 108 Reykjavík • Ísland • ☎ 568 8118 • Fax 568 8139

Reykjavík 22. janúar 2004
Tilv. FLE 30-2003

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
c/o Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

**Málefni: Frumvarp til laga um ársreikninga, 427. mál, matsreglur,
EES-reglur.**

Með bréfi dags. 17. desember sl. óskaði Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Félags löggiltra endurskoðenda (FLE) um ofangreint málefni.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE. Á fundi sínum í dag tók álitsnefndin málið til umfjöllunar og fylgir greinargerð nefndarinnar með bréfi þessu.

Stjórn FLE er fyrir sitt leyti sammála niðurstöðu álitsnefndar.

Virðingarfyllt,
Félag löggiltra endurskoðenda

Sigurður B. Arnþórsson
formaður

Álitsnefnd

Félags löggiltra endurskoðenda

Reykjavík, 22. janúar 2004

Stjórn Félags löggiltra endurskoðenda
Sigurður B. Arnþórsson, formaður
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um ársreikninga, 427. mál, matsreglur, EES-reglur.

Samkvæmt samþykktum félagsins sendi stjórnin ofangreint erindi til álitsnefndar FLE.

Að fenginni umsögn reikningsskilanefndar FLE tók álitsnefnd málið fyrir á fundi sínum í dag.


Umsögn reikningsskilanefndar FLE fylgir hjálagt.

Í álit reikningsskilanefndar kemur m.a. fram að betur fari á því að nota hugtakið „gangvirði” fremur en „gangverð”. Í því sambandi vill álitsnefndin benda á að á vegum fjármálaráðuneytisins er í gangi vinna við þýðingu á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og nauðsynlegt er að gæta samræmis í hugtakanotkun.

Álitsnefndin er að öðru leyti sammála umsögn reikningsskilanefndar FLE.

Virðingarfyllst

ÁLITSNEFND FÉLAGS LÖGGILTRA ENDURSKOÐENDA



The image shows five handwritten signatures in black ink, arranged vertically. The signatures are: 1. A large, cursive signature starting with 'Sigurður'. 2. A signature starting with 'Ólafur'. 3. A signature starting with 'Guðmundur'. 4. A signature starting with 'Sinnur'. 5. A signature starting with 'Ólafur'.

Til álitsnefndar FLE
v/ erindis Viðskipta- og efnahagsnefndar Alþingis

Varðar: Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 144/1994,
um ársreikninga með síðari breytingum.

Umfjöllun og athugasemdir reikningsskilanefndar FLE.

Reikningsskilanefnd FLE hefur fengið beiðni um að fjalla um frumvarp til laga um breytingar lögum um ársreikninga nr. 144/1994 og vill nefndin koma á framfæri nokkrum athugasemdum.

Reikningsskilanefnd FLE fagnar framkomnu frumvarpi og telur að með því sé verið að færa íslenskar reikningsskilareglur nær reglum Alþjóða Reikningsskilaráðsins.

Hér á eftir fara nokkrar almennar athugasemdir sem nefndin hefur við einstakar greinar lagafrumvarpsins:

1. gr.

Í 1. greininni og fleiri greinum frumvarpsins er vísað annars vegar til gangverðs og hins vegar til gangvirðis. Að mati nefndarinnar fer betur á því að nota gangvirði þar sem gangverð felur frekar í sér tilvísun í verð sem eiga sér stað í viðskiptum.

Í 1. greinininni og fleiri greinum frumvarpsins er vísað til alþjóðlegra reikningsskilareglna. Nefndin telur heppilegra að vísa til staðla alþjóðlega reikningsskilaráðsins (IASB).

1.-6. gr.

Það er mat reikningsskilanefndar að setja þurfi ýmis skilyrði í lögina t.d. að ef fjármálagerningar séu metnir á gangvirði, sé því ekki hætt síðar nema það eigi betur við, og fjármálagerningar séu skilgreindir í upphafi þ.e. hvort ætlunin sé að hagnast á þeim til skamms tíma eða ekki. Með því er hægt að sporna við því að fjármálagerningar séu færðir milli flokka með tilheyrandi áhrifum á afkomu. Einnig er það mat nefndarinnar að skilgreina þurfi þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir hendi svo hægt sé að meðhöndla samning í reikningsskilum sem sjóðstreymisvörn (e. cash flow hedges). Annars er hætta á að hentistefna geti ráðið því hvar áhrif af slíkum samningum lendi í rekstrarreikningum fyrirtækja þegar samningarnir eru gerðir upp.

4. gr.

Nefndin telur að umfjöllun um áhættustýringu sem gert er ráð fyrir að sé gerð skil í skýrslu stjórnar, skuli frekar/jafnframt koma fram í skýringum í ársreikningi. Að mati nefndarinnar kemur einnig til greina að sérstakur kafli verði um slíkt eins og þróunin er að verða í alþjóðlegum reikningsskilum.

Reykjavík 19. janúar 2004.
Reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda.